

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 5. janúar 2023
UST202212-147/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 - Rjúpnahlíð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 16. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 fyrir Rjúpnahlíð.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að breytingin gengur út á að vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins norðan Vífilsstaðavatns verði endurskoðuð þannig að þau fylgi Elliðavatnsvegi og mörkum hestúsasvæðisins á Kjóavöllum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir afmörkun á um 16 ha athafnasvæði í Rjúpnahlíð norðan Elliðavatnsvegar og austan Rjúpnavalla, götu milli Elliðavatnsvegar og Austurkórs í Kópavogi, auk 1,8 ha athafnasvæðis vestan götunnar. Einnig er mörkum kirkjugarðs breytt og hann stækkaður um 0,8 ha til norðurs. Áformað er að lagfæra legu reiðleiða á svæðinu og laga betur að fyrirhugaðri landnotkun.

Vífilsstaðavatn

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fjallað sé um og metin séu áhrif tillögunnar á Vífilsstaðavatn en vatnið og nágrenni þess var friðlýst sem friðland árið 2007. Friðlýsingin tekur til Vífilsstaðavatns og hlíðanna upp á brún að sunnan og austanverðan upp frá vatninu, að meðtöldu Grunnvatnsskarði. Vestur- og norðurmörk fylgja ofanbyggðavegi og Elliðavatnsvegi.¹

Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar með sérstæðum stofnum bleikju, urriða, áls og hornsíla í vatninu. Hornsílin í vatninu eru mjög sérstök þar sem þau skortir kviðgadda. Töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það. Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnsstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins. Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

Hér er sveitarfélagið að leggja til að færa vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins og því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að tillagan og frekari uppbygging á svæðinu raski ekki verndargildi friðlandsins. Að mati Umhverfisstofnunar getur frekari uppbygging nær vatninu í framtíðinni valdið álagi.

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/vifilsstadavatn-gardabae/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur